PRENTÞJÓNUSTA
TUNNAN
tunnan@tunnan.is
Sími: 467 - 1288

5. tbl. 33. árg. 10.- 16. feb. 2021

Skíðasvæði Fjallabyggðar
Siglfirsku Alparnir

Skíðasvæðið í Skarðsdal - www.skardsdalur.is

S: 878-3399

**11.**
FEB
**2021**

klukkan
**20:00**

STRÁKAR SIGLUFIRÐI



*Björgunarsveitin Strákar*

# STYRKTARTÓNLEIKAR

## TÓNLISTARVEISLA Í TILEFNI AF 112 DEGINUM.

**Í LJÓSI SAMKOMUTAKMARKANA VERÐUR TÓNLEIKUNUM STREYMT OG GETA ÞVÍ ALLIR NOTIÐ HEIMA Í STOFU!**
**FRAM KOMA TÓNLISTARMENN ÚR FJALLABYGGÐ.**
**ALLUR ÁGÓÐI AF TÓNLEIKUNUM RENNUR AÐ ÞESSU SINNI TIL STYRKTAR HÚSNÆÐISKAUPA STRÁKA.**

**MIÐASALA Á WWW.TIX.IS**
**MIÐAVERÐ 2.500 KR.**

Fjallabyggð

# OKKAR FJALLABYGGÐ

## Líkamsræktir íþróttamiðstöðva Fjallabyggðar opna á ný

**Heimilt er að opna tækjasali líkamsræktastöðva frá og með 8. febrúar að uppfylltum ítarlegum skilyrðum.**

**Eftirfarandi notkunarleiðbeiningar fyrir líkamsræktir Íþróttamiðstöðva Fjallabyggðar eru unnar úr minnisblaði sóttvarnalæknis:**

1. Notendur eru beðnir að hringja í íþróttamiðstöð Siglufirði í síma 4649170 og Íþróttamiðstöð Ólafsfirði í síma 4649250 og skrá sig í tíma fyrirfram. Upplýsingar um tímatöflu eru í afgreiðslu. Fyrsti tíminn hefst kl. 6:30 og næsti þar á eftir kl. 8:00.
2. Við komu í hús sé tryggt að allir sótthreinsi hendur og beri grímur þar til æfing hefst og eftir að henni lýkur.
3. Hámark 10 mega vera í tækjasal í einu þannig að tryggja megi 2ja metra fjarlægðartakmörk og ekki verður opið í öll upphitunartæki.
4. Notendur sótthreinsa sinn búnað eftir notkun.
5. Hver tími er að hámarki 60 mín og viðvera hvers iðkanda í húsi sé því aldrei lengri en 90 mínútur.
6. Starfsfólk tekur auka þrif eftir hvern tíma eftir þörfum.
7. Ekki er hægt að hafa ræktina opna allan daginn á Ólafsfirði vegna notkunnar skólanna.
8. Starfsfólk íþróttamiðstöðva sótthreinsar ítarleg nokkrum sinnum yfir daginn eftir þörfum.
9. Engir tveir tímar liggja saman svo tveir hópar eru ekki að mætast í rýmum hússins, eins og í anddyri.
10. Munum að það er okkur í hag að fara eftir sóttvarnarreglum.



HSN Heilbrigðisstofnun Norðurlands

## SÉRFRÆÐINGUR

Heilbrigðisstofnuninni Fjallabyggð Siglufirði

**Erlingur Hugi Kristvinsson**

Háls-nef og eyrnalæknir

miðvikudaginn 24. febrúar næstkomandi.

Tímapantanir í Síma 460-2100 og 466-4050

Alla virka daga frá 8:00 til 16:00


**Skilafrestur fyrir auglýsingar í Tunnuna, fyrir kl. 12.00 á þri.**

# ÞAÐ MÁ SKIPTA UM SKOÐUN

30 daga skilaréttur*

*Nánar á elko.is

Verið velkomin í nýja
og glæsilega verslun að
Tryggvabraut 18, Akureyri.

| | |
|---|---|
| Mán-fös: | 11:00 - 19:00 |
| Lau: | 11:00 - 18:00 |
| Sun. | 12:00 - 18:00 |

ELKO

Fjallabyggð

# Slökkviliðsstjóri

Fjallabyggð auglýsir lausa til umsóknar framtíðarstöðu slökkviliðsstjóra Fjallabyggðar. Slökkviliðsstjóri er yfirmaður slökkviliðsins og faglegur stjórnandi þess. Hann hefur yfirumsjón með og ber ábyrgð á daglegum rekstri brunavarnarmála Fjallabyggðar. Mikil áhersla er lögð á áreiðanlega þjónustu við bæjarbúa og fagleg vinnubrögð. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi í starfið sem er tilbúinn að taka þátt í að stjórna og leiða faglegt starf.

## Helstu verkefni og ábyrgð:

- Yfirumsjón og ábyrgð á rekstri og stjórnun slökkviliðsins
- Ábyrgð á faglegri starfsemi ásamt menntun og þjálfun slökkviliðsmanna
- Stjórn slökkvistarfs við eldsvoða og á vettvangi mengunaróhappa á landi
- Eldvarnareftirlit sveitarfélagsins, skipulag, úttektir, umsagnir og eftirfylgni
- Stefnumótun og áætlanagerð
- Samskipti við hagsmunaaðila

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Löggilding sem slökkviliðsmaður sbr. 17. gr. laga nr. 75/2000 og að lágmarki eins árs reynsla í slökkviliði sem löggiltur slökkviliðsmaður
- Stjórnunarreynsla og þekking á rekstri
- Reynsla og/eða haldgóð þekking á stjórnun slökkviliðs æskileg
- Þekking á yfirferð og eftirliti tækja og búnaðar æskileg
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð ásamt frumkvæði í starfi
- Leiðtogafærni, þjónustulund, jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Vilji til þess að tileinka sér nýjungar í starfi
- Góð almenn tölvukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er æskileg

Bæjarfélagið Fjallabyggð varð til við sameiningu Ólafsfjarðarbæjar og Siglufjarðarkaupstaðar árið 2006.

Báðir bæir byggja afkomu sína að mestu á sjávarútvegi, vinnslu fiskafurða og ýmis konar þjónustu við þessar greinar. Í seinni tíð hefur fjölbreytnin í atvinnulífinu aukist og mikill vaxtarbroddur er í ferðaiðnaði.

Mikil náttúrufegurð er í Fjallabyggð og margar góðar gönguleiðir eru á svæðinu Á veturna er Fjallabyggð sannkölluð vetrar- og skíðaparadís og draumur útivistarmannsins. Afþreyingarmöguleikar eru nánast ótæmandi. Í Fjallabyggð eru einnig tveir níu holu golfvellir og tvær sundlaugar, fjöldi safna, gallería, veitingahús, hótel og verslanir.

Þann 1. september 2020 voru íbúar Fjallabyggðar 2.000.

Nánari upplýsingar má finna á: **www.fjallabyggd.is**

Umsóknarfrestur er til og með **22. febrúar 2021.** Umsókn óskast fyllt út á **www.intellecta.is** og þarf að fylgja starfsferilskrá og ítarlegt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni umsækjanda í starfið. Einnig skal fylgja afrit af leyfisbréfi og prófskírteini. Um er að ræða fullt starf sem hentar öllum kynjum. Umsókn gildir í 6 mánuði og öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Laun og starfskjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Nánari upplýsingar um starfið veita Ármann Viðar Sigurðsson, deildarstjóri tæknideildar (armann@fjallabyggd.is) og Elías Pétursson, bæjarstjóri Fjallabyggðar (elias@fjallabyggd.is).

intellecta

Ráðgjöf • Ráðningar • Rannsóknir